

Alþingi
Erindi nr. P 127/930
komudagur 27.2.2002

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2002

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, 312. mál.

Samtök iðnaðarins leyfa sér að senda háttvirtri efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um ofangreint mál, þrátt fyrir að hafa ekki fengið það sent til umsagnar eins og fulltrúar heildsala og verslunar. Skýtur að mati Samtakanna skökku við að fulltrúar innlendra framleiðenda bjórs og áfengis fá málið ekki formlega til skoðunar.


Samkvæmt íslenskum lögum fer ÁTVR með einkasölu áfengis í landinu. Það hefur verið litið svo á að þar með beri ÁTVR að gefa öllum sem vilja kost á því að bjóða hvaða áfengi sem er til sölu. Reglur ÁTVR um þessi efni eru mjög rúmar og hafa leitt til þess að framboð tegunda af áfengi á Íslandi er meira en nokkurs staðar þar sem hliðstætt fyrirkomulag ríkir á áfengissölu.

ÁTVR hefur ekki, eins og aðrir smásalar, val um það hvaða vörur það tekur í sölu. Um það gilda almennar reglur. Það er því mjög eðlilegt að nokkur áhætta af því að bjóða fram nýjar vörur hjá ÁTVR verði lögð á birgja.

Tillögur frumvarpsins eru hógværar og væri skynsamlegt að hækka þær um a.m.k. helming þannig að þær yrðu 10.000 kr. og 80.000 kr.

Samtök iðnaðarins leggja eindregið til að frumvarpið verði samþykkt með ofangreindum breytingum.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri